

Skýrsla stjórnar FaMos fyrir árið 2020

Gerð er grein fyrir starfinu á árinu 2020 en ekki milli aðalfunda, enda aðalfundur á óeðlilegum tíma.

Árið 2020 var mjög óvenjulegt. Það byrjaði þó með hefðbundnum hætti, opið hús í janúar og aðalfundur 17. febrúar. Ingólfur Hrólffsson, formaður, Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir voru kosin til tveggja ára. Jóhanna B. Magnúsdóttir og Bragi Steingrímsson voru kosin varamenn til eins árs. Áfram í stjórn sitja Margrét J. Ólafsdóttir og Kristbjörg Steingrímisdóttir. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Úlfhildur er varaformaður, Snjólaug ritari, Margrét gjaldkeri og Kristbjörg meðstjórnandi.

Stjórnin hélt 7 formlega fundi á árinu og nokkra óformlega. Stuttu eftir aðalfund eða í byrjun mars skall á með samkomutakmörkunum vegna covid-19. Þau sem fóru til Tenerife 4. mars sluppu naumlega en lentu í eins og hálf dags innilokun. Stjórnin var á tánum allt árið og velti því stöðugt fyrir sér hvað væri hægt að gera ef rofaði til. Það má segja að eingöngu íþróttastarfið hafi náð að halda úti nokkru starfi og á íþróttanefnd hrós skilið fyrir það.

Á miðju ári fékk Mosfellsbær styrk frá Félagsmálaráðuneytinu til eflingar félagsstarfs eldri borgara. FaMos var ætluð nokkur upphæð sem við ætluðum að nota til að halda veglega samkomu og fara í skemmtiferð. Því miður náðist þetta ekki á árinu, en vonandi getum við gert þetta seinna á þessu ári.

Nú er unnið að endurbótum á Hlégarði. Samkvæmt útboðsauglýsingu á þessum áfanga að ljúka 15. ágúst 2021. Vonandi endurheimtum við aðstöðuna þar í haust.

Stjórnarmenn FaMos sátu fundi Öldungaráðs, ýmist sem aðalmenn eða varamenn. Samin var stefna í málefnum eldri borgara og settir niður áherslupunktur. Okkur finnst hlutverk Öldungaráðs enn nokkuð óljóst og áhugi bæjaryfirvalda á starfinu lítill.

Formaður FaMos er varamaður í stjórn Landssambands eldri borgara, LEB. LEB starfar af miklum krafti að hagsmunamálum eldri borgara. Samskipti við ríkisvaldið eru mikil, þó hægt miði í flestu. Ekki hefur fengist leiðrétting á greiðslum Tryggingastofnunar, en þær hafa hækkað í samræmi við framfærsluvísitölu en ekki launavísitölu. Munar þar um 10% á síðastliðnum 4 árum. Á árinu voru þó samþykkt lög um leiðréttingu greiðslna til þeirra sem ekki hafa náð 40 ára búsetu á Íslandi. Illa hefur þó gengið að koma upplýsingum um þetta til þeirra sem eiga rétt á leiðréttingu, enda margir innflytjendur í þeim hópi sem eiga erfitt með að fylgjast með lagabreytingum. Einungis fjórðungur þeirra, sem taldir eru eiga rétt á leiðréttingu, hafa sótt um hana.

Nú eru um 650 félagar í FaMos. Það er varla nema helmingur þess hóps sem er komin á efri ár í sveitarfélaginu. Ég skora á okkur öll að reka áróður fyrir því ágæta starfi sem fram fer hjá okkur í eðlilegu árferði svo fjölga megi í félaginu.